

Gjöld samkvæmt grein þessari er hreppsnefnd heimilt að hækka eða lækka um allt að 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytis komi til.

Reglugerðarbreyting þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Þórs-hafnarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. september 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 351.

30. ágúst 1978.

REGLUR

um íþróttarými o. fl. í grunnskóla.

Samkvæmt reglugerð frá 30. ágúst 1978, um stofnkostnað skólamannvirkja, skal framlag ríkissjóðs miðast við stærð byggingar.

Um hámarksstærð þess skólahúsnæðis, sem ríkissjóður tekur þátt í að byggja samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar, gilda reglur þær sem birtar voru sem fylgiskjöl með reglugerð nr. 159/1969 með eftirfarandi breytingum og viðbótum:

Leikfimirými.

Leikfimisalir 202½ m² í skólum með a. m. k. eina bekkjardeild í hverjum árgangi og allt að 50 kennslustundir á viku í leikfimi samkvæmt námsskrá.

Leikfimisalir 405 m² í skólum með 51—80 kennslustundir á viku.

Leikfimisalir 607½ m² í skólum með 81—120 kennslustundir á viku.

Leikfimisalir 810 m² í skólum með yfir 120 kennslustundir á viku.

Öryggissvæði leikvallar er innfalið í framangreindum tölum, þ. e. bil frá leikfleti að vegg.

Leikfimisalir 135 m² í skólum þar sem tveimur eða þremur aldursárgöngum er kennt saman og bekkir eru minnst tveir.

Áhaldageymsla 20 m² við hverja salareiningu.

Útiáhaldageymsla 15 m² við hverja salareiningu.

Varðarherbergi 8 m² við 202½ m² sal eða stærri.

Búningsherbergi:

2 á 20 m² 40 m² við 135 m² sal.

2 á 25 m² 50 m² við hverja 202½ m² salareiningu.

Bað og þurrkherb. 20 m² við 135 m² sal.

Bað og þurrkherb. 25 m² við hverja 202½ m² salareiningu.

Skó- og útifatageymsla 12 m² við eina salareiningu og 10 m² á hverja salareiningu til viðbótar.

Kennaraherbergi 8 m² fyrir fyrstu 30 kennslustundir í leikfimi á viku og 5 m² fyrir hverjar byrjaðar 30 kennslustundir umfram það.

Áhorfendasvæði 30 m² auk tilskilins fylgirýmis á hverja salareiningu.

Annað rými íþróttasalar 13% af sal og fylgirými, sbr. framangreint.

Veggir íþróttarýmis 11% af sal, fylgirými og öðru rými.

Félags- og samkomuaðstaða o. fl.

Samkomu- og matsalur 50 m² að viðbættum 0.25 m² á nemanda í skólum með tvær eða fleiri bekkjardeildir. Miðað er við að í salnum fari fram tónlistarkennsla að því marki sem við verður komið.

Leiksvið 30 m² að viðbættum 0.05 m² á nemanda.

Stólageymsla 20 m² að viðbættum 0.02 m² á nemanda.

Eldhús 31 m² + 0.05 m² á nemanda allt að 250 nemendum.

Eldhús 34 m² + 0.04 m² á nemanda séu þeir 250 og allt að 500.

Eldhús 54 m² séu nemendur 500 eða fleiri. Eldhús þessi eru miðuð við matarframreiðslu og er geymslurými meðtalið í stærðunum. Í heimavistarskólum og heimanakstursskólum, þar sem nemendur eiga að fá heita máltíð, komi í eldhúsi 0.45 m² til viðbótar á nemanda umfram 50 í fullu fæði (tvær heitar máltíðir) og 0.3 m² í matargeymslum fyrir hvern nemanda í fullu fæði. Í skólum, er kenna matreiðslu, skal eldhús þetta einnig notað í því skyni að því marki sem við verður komið og bætist þá við það rými fyrir geymslu á kennsluefni og kennslugögn.

Herbergi nemendaráðs og nemendafélaga:

12 m² fyrir allt að 250 nemendur.

15 m² fyrir 250 og allt að 500 nemendur.

20 m² fyrir 500 nemendur eða fleiri.

Herbergi umsjónaraðila 12 m² í skólum með 80 nemendur eða fleiri.

Geymsla umsjónaraðila:

10 m² fyrir 120 og allt að 250 nemendur.

12 m² fyrir 250 nemendur eða fleiri.

Söluskáli nemenda 5 m².

Geymslur v/söluskála:

3 m² séu nemendur allt að 80.

5 m² séu nemendur 80 og allt að 250.

7 m² séu nemendur 250 eða fleiri.

Setustofa og annað rými til tómtundaiðju 25 m² að viðbættum 0.1 m² á nemanda.

Fjölnýtisalur 100 m² í skólum sem ekki hafa leikfimisal og samkomusal skv. reglum þessum.

Fjölnýtisalur 100 m² viðbót við húsrými fyrir samkomusal þar sem sveitarfélag óskar eftir að fjölnýtisalur komi í stað einnar leikfimisalareiningar, t. d. vegna fjarlægðar frá íþróttahúsi.

Heimilt er, ef sveitarfélag óskar þess, að sameina í einn sal rými það sem ætlað er til samkomuhalds og fyrir leikfimisal.

Fjölnýtisali skal að gerð og búnaði miða við þau margvíslegu afnot sem um er að ræða.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 30. ágúst 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.